

**Nd.**

**227. Frumvarp til laga**

**[111. mál]**

um breyting á lögum nr. 47 23. júní 1932, um lækningaleyfi, um réttindi og skyldur lækna og annarra, er lækningaleyfi hafa, og um skottulækningar.

Frá allsherjarnefnd.

**1. gr.**

- a. Í 1. málsgr. 2. gr. laganna falli niður orðin „hafa ekki verið dæmdir til refsingar fyrir athæfi, er svívirðilegt er að almenningsáliti“.
- b. Aftan við 1. málsgr. 2. gr. laganna komi nýr málslíður, svofelldur:  
Heimilt er að synja manni um lækningaleyfi, ef ákvæði 2. málsgr. 68. gr. almennra hegningarlaga á við um hagi hans.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

**Greinargerð.**

Frumvarp þetta er flutt samhliða frv. á þskj. 217, enda stendur þetta frv. í nán-um tengslum við það.

Í frv. þessu er lagt til, að breytt verði ákvæðunum um skilyrði fyrir lækningaleyfi.

Hér er fjallað um sérhæfð réttindi. Þykir rétt að kveða svo á um þau, að heimilt sé að synja þeim manni um réttindi þessi, er hlotið hefur refsídóm, ef hinn refsiverði verknaður þykir herra vott um verulega hættu á því, að maður muni misfara með réttindi. Verður stjórnvald að meta það hverju sinni, hver tengsl eru hér á milli refsíðoms, sem maður hefur sætt, og þeirra réttinda, sem hann sækir um. Hafa ber í huga í þessu sambandi, hve langt er umliðið síðan refsíðómur gekk og hegðun manns upp frá því, og sömuleiðis ber að taka tillit til þess, hvort réttindi, er refsíðómur lýtur að, hafa verið endurveitt í einhverri mynd.

Að öðru leyti þykir mega vísa til greinargerðar fyrir ofangreindu frv. til laga um breyting á almennum hegningarlögum, þar sem rakin eru í heild sinni þau sjónarmið, sem liggja til grundvallar endurskoðun hegningarlaganefndar á laga-ákvæðunum um ýmis atvinnuréttindi.